



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P/132/1911  
komudagur 28. 4. 2006

Reykjavíkurlflugvöllur  
101 Reykjavík  
Sími 569 4100 · Fax 562 3619  
www.caa.is · fms@caa.is

Alþingi v/Austurvöll  
Fr. Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

12. apríl 2006

Tilv. vor

Dags.

27. apríl 2006

Bréfalykill:

5.1.2

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694. mál heildarlög.**

Vísað er til beiðni um umsögn um framangreint frumvarp dags. 12. apríl sl.

Flugmálastjórn hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

4. mgr. 25. gr.

- Flugmálastjórn telur að skýrgreina megi frekar 4. mgr. 25. gr. Er lagt til að orðalag ákvæðisins verði svohljóðandi: Landhelgisgæsla Íslands skal hafa tilskilin leyfi frá Flugmálastjórn Íslands fyrir leyfisskyldri flugstarfsemi sinni og lúta eftirliti Flugmálastjórnar eftir því sem við á.

*Flugmálastjórn telur nauðsynlegt að kveðið sé ótvírætt á um eftirlitshlutverk stofnunarinnar með leyfisskyldri flugstarfsemi Landhelgisgæslu Íslands. Sé starfsemin ekki háð leyfi stofnunarinnar skortir hana vald til eftirlits.*

- Þá er lagt til að bætt verði við 4. mgr. 25. gr. frumvarpsins nýjum málslið svohljóðandi: Loftför Landhelgisgæslu Íslands og hreyflar þeirra skulu uppfylla viðeigandi lög og reglugerðir um tegundarskírteini í almenningsflugi, en víkja má frá slíkum kröfum í leitar- og björgunarflugi.

*Flugmálastjórn telur mikilvægt að skýr heimild sé til að víkja frá ákvæðum laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum um tegundarskírteini. Óheimilt er skv. 12. gr. laga um loftferðir að skrá loftfar nema það hafi tegundarskírteini sem Flugmálastjórn Íslands eða Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA, hefur gefið út eða metið gilt. Mikilvægt má telja að stofnunin hafi heimild til skrásetningar loftfara Landhelgisgæslunnar, sem ekki uppfylla að öllu leyti ákvæði laga og reglugerða um tegundarskírteini, sem starfrækt eru í leitar- og björgunarflugi. Íslensk löggjöf tekur í dag eingöngu til borgaralegs flugs og eru ekki í gildi kröfur er lúta að tegundarskírteini loftfara er starfrækt eru til ríkisflugs, þ.e. herflugs, tollaefirlits og löggæslu.*

Virðingarfyllt

*Astríður S. Þorsteinsdóttir*  
Astríður S Thorsteinsson  
lögfræðingur